

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Reyðarfirði



Dags eftirlits	22.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Freyr Guðmundsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	725312,177 512055,178

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en ein ábending var sett fram er varðar að viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skulu vera aðgengilegar í stöðvarhúsi.

## UMFANG EFTIRLITS

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila við Óseyri á Reyðarfirði. Heimilt er að geyma allt að 540 m<sup>3</sup> af olíu eða bensíni, með gegnumstreymi bensíns minna en 5.000 tonn á ári í stöðinni. Einnig er heimil móttaka úrgansolíu.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 3. kafla. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit og engin ábending var sett fram. Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Engar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar. Einn bensíngeymir er í stöðinni og var hann síðast botnþykktarmældur árið 2018. Löndunarlögn bensíns af bryggju er sameiginleg með Olíudreifingu ehf. og var hún síðast þrýstiprófuð af Olíudreifingu árið 2020 og áframhaldandi notkun hennar samþykkt af eftirlitsaðila. Afgreiðslulögn liggur frá bensíngeymi, í gegnum mengunarvarnarþróna, þar tvisvar í gegnum þróarvegg og inn í dæluhús. Tjöruborði til varnar tæringu er límdur á lögnina þar sem hún snertir jarðveg. Ekki er gerð krafa um að sú lögn sé þrýstiprófuð þar sem hún stendur ofanjarðar og er innan þróar.

Ekki er gerð krafa um söfnun á rokgjörnum gufum frá bensíngeymi þar sem gegnumstreymi bensíns í stöðinni er minna en 5.000 tonn á ári og er hún því undanþegin kröfum um gufuendurnýtingarbúnað. Ekkert niðurfall er í mengunarvarnarþrónni og er undantöppun framkvæmd í lokuðu kerfi.

Afgreiðsluplan fyrir flutningsgeyma er tengt olíuskilju en það fer frárennsli skiljunnar í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Olíuskiljan er skoðuð að meðaltali einu sinni í mánuði og skráningar þar um í rekstrarhandbók. Mæling var síðast gerð í fráveituvatni olíuskiljunnar árið 2018 en skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal mæla olíu í fráveituvatni að lágmarki þriðja hvert ár og þarf því að gera mælingu nú í ár.

Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig vistuð á rafrænu svæði rekstraraðila. Skráningar eru góðar og ekki gerðar athugasemdir þar um. Allar áætlanir, afrit af starfsleyfi, öryggisblöð og aðrar upplýsingar er krafa er gerð um að séu til staðar skv. starfsleyfi eru aðgengilegar öllum starfsmönnum í gegnum CCQ rafrænt gagnakerfi rekstraraðila. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar á sameiginlegu drifi rekstraraðila en bent er á að hafa þessar áætlanir einnig aðgengilegar í stöðvarhúsi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina og umhverfi hennar skoðað. Hún er snyrtileg á að líta og hlið og girðingar í lagi.

## ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar að viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skulu vera aðgengilegar í stöðvarhúsi.


## ANNAÐ

Olíublautar tuskur og annar olíusmitaður úrgangur er tekin jafn óðum með í olíubílana og þeim safnað saman í birgðastöð rekstraraðila á Eskifirði. Nánast enginn annar úrgangur fellur til í stöðinni.

Reykjavík, 28.07.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir